

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 188/1993. **Benjamín Magnússon**

gegn

Kaupgarði hf.

Kærumál. Vextir. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. maí 1993, sem barst Hæstarétti 12. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að aðför fari fram fyrir 819.870 krónum hjá varnaraðila auk áfallandi vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags, kostnaðar af framkvæmd gerðarinnar og eftirfarandi fullnustugerða, ef til þeirra kemur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, er aðfararheimild sóknaraðila dómur Hæstaréttar Íslands frá 10. desember 1992 í málinu nr. 18/1989. Ágreiningur aðila snýst um það, hvaða vexti krafa sóknaraðila skuli bera frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992. Í dómsorði Hæstaréttar er vaxtafótur frá 6. október 1985 til 14. apríl 1987 rakinn, en eftir það og til dómsuppsögudags er vísað til hæstu almennra innlánsvaxta hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Ljóst er, þegar litið er til forsendna í dómi Hæstaréttar, að í máli þessu var ekki ætlunin að breyta um vaxtafót 14. apríl 1987, heldur miða áfram við hæstu vexti af almennum sparisjóðsbókum. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Benjamín Magnússon, skal greiða varnaraðila, Kaupgarði hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining við aðfarargerð, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. apríl 1993.

Sóknaraðili, Benjamín Magnússon, kt. 180844-4149, Hamraborg 14, Kópavogi, gerir þá kröfu, að gerð verði aðför hjá varnaraðila fyrir 819.870 kr. auk áfallandi vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags og alls kostnaðar af framkvæmd gerðarinnar og eftirfarandi fullnustugerða, ef til þeirra kemur. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Varnaraðili, Kaupgarður hf., kt. 641073-0169, Engihjalla 8, Kópavogi, krefst þess að verða alsýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða fram lögðum málskostnaðarreikningi með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, — enn fremur, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Með aðfararbeiðni, dags. 4. janúar 1993, gerði sóknaraðili þá kröfu, að sýslumaðurinn í Kópavogi gerði fjárnám hjá varnaraðila til tryggingar kröfu, sem hann sundurliðaði þannig:

Höfuðstóll	kr. 1.294.172
Vextir skv. dómi	— 1.925.137
Drv. til 4. 1. 1993	— 48.826
Málskostnaður	— 480.000
Drv. á málsk. til 4. 1. 1993	— 2.680
Aðfararbeiðni m. vsk.	— 25.369
	<hr/>
	kr. 3.776.184
Aðfarargjald í ríkissjóð	— 10.000
	<hr/>
	Samtals kr. 3.786.184

Að því er aðfararheimild varðar, studdi sóknaraðili mál sitt dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. mars 1992 í málinu nr. 18/1989: Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason gegn Benjamín Magnússyni og gagnsök. Dómsorð og forsendur vaxtakröfu sóknaraðila, sem ágreiningur aðila lýtur að, eru svohljóðandi:

— — —

Aðfararbeiðni sóknaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Kópavogi 3. mars 1993. Við gerðina mótmælti lögmaður varnaraðila, að gert yrði fjárnám fyrir hærri fjárhæð en 2.743.773 kr., sem hann sundurliðaði þannig:

Höfuðstóll	kr. 1.294.172
Vextir til 3. mars 1993	— 1.141.839
Málskostnaður	— 480.000
Drv. á málsk. til 3. mars 1993	— 14.934
Aðfararbeiðni	— 2.828
	<hr/>
	kr. 2.933.773
Aðfarargjald í ríkissjóð	— 10.000
Greitt 19. febr. 1993	— 200.000
	<hr/>
Samtals	kr. 2.743.773

Mótmæli sín reisi varnaraðili á því, að vaxtakrafa sóknaraðila væri miðuð við vexti af bundnum innlánsreikningum. Samkvæmt dómi Hæstaréttar væri ekki heimilt að reikna hærri vexti frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992 en næmi vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsbókum. Með vísan til 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/1989 um aðför ákvað sýslumaður, að fjárnám næði fram að ganga að teknu tilliti til mótmæla varnaraðila. Þessari ákvörðun undi sóknaraðili ekki, og lýsti lögmaður hans yfir, að sóknaraðili nýtti sér rétt sinn til að bera hana undir héraðsdóm, sbr. 3. mgr. 27. gr. nefndra laga.

Með bréfi, dags. 8. mars 1993, krafðist lögmaður sóknaraðila úrlausnar héraðsdómara um greinda ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi, og var málið þingfest 22. mars sl.

Í máli þessu er ágreiningur milli aðila um vaxtafót. Vaxtafjárhæðir og -útreikningar eru ágreiningslausir. Af hálfu sóknaraðila hefur komið fram, að kröfugerð hans miðist við lækkun á þóknun fyrir aðfararbeiðni úr 25.369 kr. í 2.828 kr. og greiðslu varnaraðila, 200.000 kr., upp í kröfuna 19. febrúar 1993.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að samkvæmt dómsorði hæstaréttardómsins sé honum heimilt að velja hæstu innlánsvexti, sem almennungi hafi staðið til boða hjá bönkum frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992. Á þessu tímabili hafi hæstu innlánsvextir verið á svokölluðum óverðtryggðum skiptikjarareikningum og uppsagnarreikningum, þar sem innstæða verði að vera óhreyfð um einhvern tíma, oftast sex mánuði. Vaxtaútreikningur sóknaraðila miðist við þann vaxtafót þessara reikninga, sem er

hæri í hvert sinn. Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmanni sóknaraðila, að miðað væri við vegið meðaltal vaxta á greindum reikningum.

Sóknaraðili reisir kröfu sína einnig á því, að ef vaxtakrafa hans ætti að taka mið af vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, hefði dómsorðið kveðið á um vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, en þannig séu þeir tilgreindir með orðalagi 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Sóknaraðili styður mál sitt enn fremur því, að almennir sparisjóðsvextir séu lægstu vextir, sem unnt er að fá á almenn innlán hjá bönkum samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands utan vextir á tékkareikninga. Ljóst sé, að orðin „hæstu innlánsvextir“ geti ekki átt við lægsta vaxtafótinn.

Sóknaraðili telur, að leggja beri dómsorðið eitt sér til grundvallar kröfugerð við aðför. Óljós ákvæði í forsendum dóms hafi ekki þýðingu við túlkun á dómsorðinu.

Kröfu sína reisir varnaraðili á því, að með dómi Hæstaréttar hafi sér verið gert að greiða sóknaraðila 1.294.172 kr. með hæstu almennu innlánsvöxtum frá 6. október 1985 til uppsögu dóms í Hæstarétti. Í dómsorði sé vaxtafótur frá 6. október 1985 til 14. apríl 1987 rakinn, en frá þeim degi til 10. desember 1992 sé vísað til hæstu almennu innlánsvaxta hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Engin ástæða sé til að ætla, að orðin „hæstu almennu innlánsvextir“ þýði eitthvað annað í forsendum dóms Hæstaréttar en í dómsorðinu sjálfu, og ekkert bendi til, að Hæstiréttur hafi breytt um vexti 14. apríl 1987 og að frá þeim degi eigi að miða við aðra vexti en rétturinn rekur sjálfur, þ. e. hæstu vexti af almennum óbundnum sparisjóðsbókum. Þrátt fyrir þetta reikni sóknaraðili kröfu sína miðað við sérkjarareikninga banka og sparisjóða. Þeim útreikningi sé mót-mælt, enda eigi hann ekki stoð í dómi Hæstaréttar.

IV.

Úrlausnarefni máls þessa er ágreiningur aðila við fjárnám um, hvaða vaxtahæð krafa sóknaraðila beri frá 6. október 1985 til 10. desember 1992 samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. desember 1992 í málinu nr. 18/1989: Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason gegn Benjamín Magnússyni og gagnsök.

Mál þetta er rekið samkvæmt 14. kafla aðfararlaga nr. 89/1990 og verður ráðið til lykta með úrskurði, en ekki dómi, eins og gert er ráð fyrir í kröfugerð aðila. Kröfugerð varnaraðila er ekki svo ljós sem skyldi, en hann krefst sýknu af kröfum sóknaraðila. Sú krafa verður ekki skilin á annan hátt en þann, að hann krefjist þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að umdeild ákvörðun sýslumanns standi óhögguð.

Með umræddum dómi Hæstaréttar var varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 1.294.172 kr. Í forsendum dómsins kemur fram, að krafan beri hæstu almenna innlánsvexti frá 6. október 1985 til uppsögu dóms í Hæstarétti. Umræddir vextir eru nánar greindir í dómsorði á þann hátt, að vaxtafótur til 14. apríl 1987 er tiltekinn, en frá þeim degi er vísað til auglýsingar Seðlabanka Íslands, hvað varðar vaxtahæð. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, er heimilt, sé gjalddagi kröfu eftir gildistöku vaxtalaga, að dæma dráttarvexti til greiðsludags, án þess að vaxtahæð sé tiltekin í stefnu. Í vaxtalögum er ekki sambærileg heimild, hvað varðar aðrar vaxtakröfur, en dómvenja er fyrir að dæma ótiltekið hæstu almennu innlánsvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að honum sé heimilt að miða vaxtakröfu sína fyrir greint tímabil við sérkjarareikninga banka og sparisjóða. Styðjast útreikningar hans við vegið meðaltal vaxta svokallaðra óverðtryggðra skiptikjarareikninga og uppsagnarreikninga. Á þetta verður ekki fallist með sóknaraðila, enda greindir innlánsreikningar m. a. háðir kvöð um uppsögn og því ekki sambærilegir við fjárkröfu í dómsmáli. Þykir ekki vafi leika á, að samkvæmt dómi Hæstaréttar er sóknaraðila ekki rétt að reikna sér hærri vexti en nemur hæstu vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Því ber að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá 3. mars 1993 um fjárnám fyrir vöxtum frá 6. október 1985 til 10. desember 1992.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Benedikt Bogason fulltrúi kveður upp úrskurd þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá 3. mars 1993 um fjárnám til tryggingar vaxtakröfu sóknaraðila vegna tímabilsins 6. október 1985 til 10. desember 1992 skal standa óhögguð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.